



## **NORÐURÞING - FISKELDIÐ HAUKAMÝRI FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG**

### **SKIPULAGS- OG MATSLÝSING**

#### **LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI**

*SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010*

#### **MATSLÝSING**

*SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDA OG ÁÆTLANA NR. 111/2021*

**10.02.2022**

**UNNIÐ FYRIR FISKELDIÐ HAUKAMÝRI EHF.**



1	Inngangur .....	2
2	Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni .....	2
2.1	Minjar .....	2
3	Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður .....	2
3.1	Mannvirki og eldisrými .....	3
4	Fyrirhugaðar framkvæmdir .....	4
4.1	Mannvirki .....	4
5	Lög og reglur .....	5
6	Skipulagsleg staða - aðalskipulag .....	5
6.1.1	Iðnaðarsvæði .....	6
6.1.2	Fyrirliggjandi stefna .....	6
7	Umhverfismat .....	7
7.1	Umhverfisþættir .....	8
7.2	Áhrifaþættir .....	8
7.3	Umhverfisviðmið .....	8
7.4	Valkostir .....	9
7.5	Aðferðarfræði .....	10
8	Kynning og samráð .....	10
9	Skipulagsferli .....	11

## 1 Inngangur

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð þessa deiliskipulags fyrir fiskeldisstöðina Haukamýri við Húsavík í Norðurþingi. Deiliskipulagið er unnið fyrir Fiskeldið Haukamýri ehf.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins og f.h. Landslags koma að verkinu Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ og Halldóra Narfadóttir landfræðingur.

## 2 Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni

Í Haukamýrardal hefur verið fiskeldi allt frá árinu 1980 en Fiskeldið Haukamýri hefur rekið stöðina frá árinu 1995.

Á fyrstu árum fiskeldis í Haukamýragili var áhersla lögð á framleiðslu laxaseiða. Síðustu 20 ár hefur megináhersla verið lögð á bleikjueldi en laxaseiði aðeins framleidd einstöku ár. Mikil þekking og reynsla hefur skapast á undanförunum áratugum við reksturs fiskeldis í Haukamýragili. Framleiðsla hjá Fiskeldinu Haukamýri hefur aukist mikið og á síðustu árum hefur framleiðslan verið um og yfir 300 tonn. Vinnsla á bleikju hófst 1999 í Haukamýragili og er nú u.þ.b. 90% af framleiðslunni flakað og sent fersk á markað erlendis.

Uppi eru áform um stækkun stöðvarinnar og vegna þess er nú verið að vinna deiliskipulag fyrir starfsemi stöðvarinnar til framtíðar.

### 2.1 Minjar

Skv. fyrirbyggjandi minjaskráningu sem gerð var vegna vinnu við gildandi aðalskipulag eru engar skráðar minjar á skipulagssvæðinu.

## 3 Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður

Fiskeldið Haukamýri er staðsett sunnan við Húsavík og stendur í halla neðst í Haukamýrardal. Norðurþing á landið og Fiskeldið Haukamýri hefur gert samning um afnot þess. Samningurinn er um nýtingu á köldu vatni ásamt volgu vatni við Orkuveitu Húsavíkur.

Fiskeldið Haukamýri hefur um 19.300 m<sup>2</sup> lóð þar sem húsakostur og eldiskör fyrirtækisins eru staðsett. Utan þessa svæðis eru vatnslagnir ásamt brunnum, stíflum fyrir kalt vatn og einnig eru lagnir fyrir heitt vatn. Svæðið er staðsett á iðnaðarsvæði sem þegar er að mestu raskað.

Núverandi aðkoma akandi að svæðinu er um Kaldbaksveg sem tengist inn á Norðausturveg sunnan Húsavíkur.

Stærð skipulagssvæðisins er um 3,8 ha.



Mynd 1. Deiliskipulagssvæði fiskeldis Haukamýri.

### 3.1 Mannvirki og eldisrými

Húsakostur hjá Fiskeldinu Haukamýri samanstendur af tveimur sambyggðum eldishúsum sem eru um 1.100 fermetrar að flatarmáli. Húsin voru byggð á árunum 1980 og 1982 en hafa síðan verið allnokkuð endurbætt. Jafnframt er að finna minni hús á lóðinni fyrir loftun, einnig gáma þar sem er að finna fóðurstöð, varaafli og súrefnisbúnað ásamt fjölmörgum eldiskerjum.

Samtals eru sjö hringlaga útikör og er eldisrými þeirra tæpir 1.400 m<sup>3</sup>. Jafnframt er lengdastraumskar sem er um 600 m<sup>3</sup>. Við hliðina á lengdarstraumskarinu er dammur sem verið er að taka úr notkun. Heildar eldisrými í útikörum og eldiskörum inn í eldishúsunum er um 2.700 m<sup>3</sup>.



Mynd 2. Núverandi mannvirki, eldisker og lóð (hvít lína).

## 4 Fyrirhugaðar framkvæmdir

Tilgangur framkvæmda sem nú eru fyrirhugaðar er að auka framleiðslugetu Fiskeldisins Haukamýri upp í allt að 800 tonna hámarks lífmassa af laxfiskum og/eða laxfiskaseiðum á ári. Möguleiki verði að framleiða matfisk og/eða seiði allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

### 4.1 Mannvirki

Ný mannvirki sem gert verður ráð fyrir í deiliskipulagi á lóð Fiskeldisins Haukamýri eru eftirfarandi:

- Allt að 3.000 m<sup>2</sup> bygging fyrir eldiskör með heildareldisrými allt að 5.000 m<sup>3</sup>.
- Allt að 2.000 m<sup>2</sup> bygging fyrir eldiskör með heildareldisrými allt að 4.000 m<sup>3</sup>.
- Skrifstofubygging og þjónustuhús allt að 2000 m<sup>2</sup>.
- Allt að 100 m<sup>2</sup> bygging fyrir hreinsibúnað.

Þá er gert ráð fyrir eftirfarandi byggingum yfir núverandi starfsemi og viðbyggingum við núverandi byggingar:

- Bygging yfir stór eldiskör allt að 2000 m<sup>2</sup>.
- Viðbygging fyrir kaffistofu, móttöku, sláturaðstöðu og vinnslu, samtals 1000 m<sup>2</sup>.
- Viðbygging fyrir sláturaðstöðu og stækkun á vinnslu, samtals 650 m<sup>2</sup>.
- Viðbygging fyrir fóður- og tækjageymslu og verkstæði samtals 750 m<sup>2</sup>
- Skýli yfir hreinsibúnað og yfirbygging yfir eldiskör samtals 1500 m<sup>2</sup>.

## 5 Lög og reglur

### Starfsleyfi Umhverfisstofnunar

Vegna reksturs fiskeldisstöðva er farið fram á starfsleyfi frá Umhverfisstofnun í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999.

Nú þegar er í gildi starfsleyfi sem heimilar 450 tonna ársframleiðslu af bleikju og laxaseiðum. Starfsleyfið var gefið út 3. júlí 2013 og gildir til 1. júlí 2029.

Sótt verður um starfsleyfi fyrir allt að 800 tonna hámarks lífmassa af laxfiskum og/eða laxfiskaseiðum á ári.

### Rekstrarleyfi Matvælastofnunar

Vegna reksturs fiskeldisstöðva er einnig gerð krafa um rekstrarleyfi frá Matvælastofnun í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020.

Í rekstrarleyfi frá Fiskistofu sem gefið var út 24.8 2013 og gildir til 24.9 2023, er heimiluð framleiðsla á 450 tonnum af bleikju og 300.000 laxaseiðum á ársgrundvelli.

Sótt verður um rekstrarleyfi fyrir allt að 800 tonna hámarks lífmassa af laxfiskum og/eða laxfiskaseiðum á ári.

## 6 Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030. Í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði I4 (Haukamýri II). Þá liggur gönguleið meðfram sjávarsíðunni í aðalskipulagi. Aðliggjandi svæði eru að mestu opin svæði til sérstakra nota en einnig er athafnasvæði A6 (Haukamýri I) austan svæðisins auk þess sem grannsvæði vatnsverndar er sunnan svæðisins.

Deiliskipulag verður í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Mynd 3. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030-Húsavík. Iðnaðarsvæði I4 er innan rauða hringins.

### 6.1.1 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Gróðurhús eru heimil. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
I4	2,9	<b>Haukamýri II</b> Bleikjueldi í fiskeldisstöð sem m.a. nýtir vatn frá Orkuveitu Húsavíkur.	Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.

Tafla 1. Forsendur og skipulagsákvæði fyrir iðnaðarsvæði I4. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.

### 6.1.2 Fyrirliggjandi stefna

Eftirfarandi önnur atriði úr stefnu aðalskipulagsins sem eiga við fyrir deiliskipulag svæðisins.

#### Fiskeldi

*Fiskeldisstöðvar:* Stuðlað verði að frekari nýtingu vatns og jarðhita til fiskeldis.

- Stærri fiskeldisstöðvar eru heimilar á iðnaðarsvæðum.
- Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu í 19. kafla um heilbrigð vistkerfi, í 20. kafla um nýtingu auðlinda og 21. kafla um fjölbreytt landslag, ef þær eru með ársframleiðslu innan við 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu allt að 200 tonn og fráveitu til sjávar.

### **Varnir gegn mengun vatns**

*Atvinnustarfsemi:* Fiskeldi og önnur atvinnustarfsemi verði með þeim hætti að strandsjór mengist ekki. Unnið verði að því að því að lágmarka áburðanotkun sem getur skaðað vistkerfi vatna og áa, einkum við Laxá.

*Frárennsli:* Komið verði í veg fyrir mengun frá fráveitu. Dregið verði úr losun óæskilegra efna í fráveitur og frágangur rotþróa og fráveitumál í dreifbýli uppfylli kröfur í lögum og reglugerðum. Gerð verði áætlun um úrbætur á ástandi frárennismála frá fjósum þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í vatn.

*Frágangur lífræns úrgangs:* Úttekt verði gerð á þeim stöðum innan sveitarfélagsins þar sem fugl kemst í æti til þess að finna út hvar úrbóta er þörf á frágangi mannvirkja. Gerðar verði ráðstafanir þannig að viðkomandi rekstraraðilar fari að lögum og reglum sem þetta varða.

## **7 Umhverfismat**

Gert er ráð fyrir að umfang fiskeldisins verði allt að 800 tonna lífmassi á ári. Framkvæmdin er því tilkynningarskyld þar sem hún flokkast sem B framkvæmd skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 m.s.br., liður 1.09 í 1. viðauka.

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 vegna sama liðar 1.09 í 1. viðauka.

### **1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi**

*1.09. Þauleldi á fiski þar sem hámarkslífmassi er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar eða þar sem hámarkslífmassi er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.*

Þar sem deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 verður unnin umhverfisskýrsla sem verður hluti greinargerðar deiliskipulagsins.

Megintilgangur umhverfisskýrslu sem gerð verður með deiliskipulagi er að greina frá helstu mögulegu umhverfisáhrifum sem framkvæmdir við fiskeldið mun hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laganna.

Matið verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat deiliskipulags verður ekki farið í sérstakar rannsóknir heldur verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis.



### **7.1 Umhverfispættir**

Umhverfispættirnir eru valdir út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags verða eftirfarandi umhverfispættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Landslag og sjónræn áhrif
- Samfélagsleg og hagræn áhrif
- Gróður og lífríki
- Heilsa og öryggi
- Frárennismál
- Úrgangsmál

### **7.2 Áhrifaþættir**

Þeir þættir deiliskipulags sem taldir eru geta haft möguleg umhverfisáhrif eru þessir:

- Stækkun fiskeldisstöðvar

### **7.3 Umhverfisviðmið**

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í deiliskipulagsbreytingu verða eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
  - Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.
- Lög um stjórn vatnamála 36/2011
  - Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
  - Markmið reglugerðar þessarar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum og að stuðla að almennri verndun vatns.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns

- Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.  
Samkvæmt grein 5.1 er mengun grunnvatns óheimil.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
  - Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi.
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun
  - Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun, koma á samþættum mengunarvörnum og að samræma kröfur og skilyrði í starfsleyfum.
  - Jafnframt er það markmið að tryggja að kröfur sem gerðar eru í starfsleyfum til þess að draga úr tiltekinni mengun umhverfisins valdi ekki aukinni mengun annars staðar í umhverfinu.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
  - Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi.

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Eftirfarandi lýsingar verða notaðar til að skilgreina vægi áhrifanna:

- **(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.**
  - *Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.*
- **(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.**
  - *Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.*
- **(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.**
  - *Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.*
- **(?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt.**
  - *Deiliskipulagið hefur óþekkt áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.*

#### 7.4 Valkostir

Gert er ráð fyrir að metin verði og borin saman áhrif deiliskipulags við líklega þróun umhverfis án framfylgdar deiliskipulagsins, núll kost.

Í umhverfisskýrslu verður fjallað um hvernig deiliskipulag fellur að meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags.

### 7.5 Aðferðarfræði

Umhverfisáhrifin verða metin út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 ásamt öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Mögulega verða sérfræðingar fengnir til að greina einkenni og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan deiliskipulagssvæðisins.

Framsetning umhverfismats verður í formi texta og venslatafla.

## 8 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

*Helstu samráðsaðilar:*

- Skipulagsstofnun
  - Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- Umhverfisstofnun
  - Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Fiskistofa
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin, siglingasvið
- Orkustofnun
- Samgöngustofa
- Orkuveita Húsavíkur
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu Norðurlands og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: [www.nordurthing.is](http://www.nordurthing.is)

Áður en tillaga að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

## 9 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

<i>Jan. – feb. 2022</i>	<p>Unnið að skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag.</p> <p>Skipulags- og matslýsingu tekin fyrir á fundi skipulags- og framkvæmdaráði og sveitarstjórn og afgreidd þar í ferli.</p> <p>Skipulags- og matslýsing kynnt og samráð haft við Skipulagsstofnun.</p>
<i>Feb. - mars 2022</i>	<p>Unnið að tillögu að deiliskipulagi og tilkynningu í samráði við framkvæmdaraðila, sveitarfélagið og aðra hagsmunaaðila.</p>
<i>Apríl - maí 2022</i>	<p>Tillaga að deiliskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.</p> <p>Tilkynning send Skipulagsstofnun.</p>
<i>Júní - júlí 2022</i>	<p>Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.</p>
<i>Ágúst 2022</i>	<p>Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs ásamt athugasemdum og umsögum sem borist hafa.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af skipulags- og framkvæmdaráði ásamt sveitarstjórn.</p>
<i>Sept. - okt. 2022</i>	<p>Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið.</p> <p>Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</p>